


Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 10		
Dags.:23.02.2016		
Höfundur: AMJ		
Samþykkt: SHJ	ÞÝSK1RL05 fjarnám Námsáætlun haustannar 2020	
Síða 1 af 2		

Kennari	Wolfgang Frosti Sahr	Sk.st.	WFS
----------------	----------------------	---------------	-----

Áfangalýsing: Byrjunaráfangi þar sem megináhersla er lögð á að nemandinn tileinki sér undirstöðuatriði tungumálsins. Nemandinn er markvisst þjálfður í lesskilningi á hagnýtum orðaforða til að geta lesið og skilið texta um kunnugleg efni. Við þessa þjálfun í lesskilningi eru fléttaðar æfingar í samskiptaþáttunum tali, hlustun og ritun, allt með það að markmiði að nemandi verði sjálfbjarga við sérstakar aðstæður. Áhersla er lögð á réttan framburð, markvissa og reglulega uppbyggingu orðaforða og grunnatriði málnotkunar. Menning þýskumælandi landa er fléttuð inn í áfangann. Gagnkvæm virðing og umhyggja er höfð að leiðarljósi. Áfanginn krefst þess að nemandinn geri sér grein fyrir eigin ábyrgð á náminu og sýni sjálfstæð vinnubrögð og er nemendum kennt að nota upplýsingatækni og önnur hjálpargögn í áfanganum.

Þekkingarviðmið: Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- grundvallaratriðum málkerfisins
- almennum orðaforða sem hæfir hæfniviðmiðum áfangans
- tungumálinu og útbreiðslu þess
- mannlífi, menningu og siðum í þeim löndum þar sem tungumálið er talað

Leikniviðmið: Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- tjá sig skriflega og munnlega um það sem tengist honum náði
- lesa texta um efni sem hann þekkir og tileinka sér ný orð í textanum
- skilja einföld fyrirmæli og helstu kveðjur og kurteisisásvörp
- skilja einföld samtöl
- skilja þegar talað er um tölur og tímasetningar
- nota upplýsingatækni og önnur hjálpargögn í tungumálanámi
- bjarga sér við sérstakar aðstæður

Hæfniviðmið: Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:


- gera sig skiljanlegan um einföld atriði
- vera sjálfbjarga við sérstakar aðstæður
- spyrja til vegar
- spyrja og svara einföldum spurningum
- segja frá daglegum athöfnum
- auka meðvitund um eigin leiðir til að tileinka sér tungumálið

Námsmat og vægi námsþátta:

Matsform:	<input type="checkbox"/> Símat	<input checked="" type="checkbox"/> Lokapróf	<input type="checkbox"/> Lokaverkefni
Námsmatsþættir	Lýsing námsmatsþátta	Vægi	
Skilaverkefni	Einkunnin er í samræmi við fjölda skilaðra verkefna (Moodle) og meðaleinkunn þeirra. 80% skilaskylda. Nemandi þarf að skila amk. 96 vefæfingar til að öðlast próftökurétt.	30,00%	
Skriflegt lokapróf	Tekið án hjálpargagna. ¹ Ath. 80% skilaskyldu.	70,00%	
		Samtals:	100%
Annað: Til þess að skilaverkefnin teljist til lokaeinkunnar þarf nemandi að ná amk. 40 af 100 mögulegum stigum úr skriflega lokaprófinu. Standist nemandi ekki þessar kröfur verður prófeinkunn lokaeinkunn og þýðir fall í áfanganum.			

Námsgögn:

¹ lágmarkseinkunn 40/100

Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 10		
Dags.:23.02.2016		
Höfundur: AMJ	ÞÝSK1RL05 fjarnám Námsáætlun haustannar 2020	
Samþykkt: SHJ		
Síða 2 af 2		

lesbók Netzwerk A1 München: Langenscheidt 2017 eða síðar
ISBN 978-3-12-606128-5

vinnubók Netzwerk A1 München: Langenscheidt 2017 eða síðar
ISBN 978-3-12-606130-8

Áætlun um yfirferð: Náminu er skipt niður í 12 vikur. Í hverri viku þarf að sinna heimaverkefnum í KB (lesbók) og AB (vinnubók). Jafnframt þarf að leysa tilskilin Moodle verkefni til að öðlast próftökurétt og vetrareinkunn. Gert er ráð fyrir að nemandinn klári hvern vikupakka innan 7 daga.

Heimaverkefni í lesbók/vinnubók	Skilaverkefni (Moodle)	skil kl. 24:00 sunnudagskvöld
kafli 1	1	13.09.
kafli 1	2	20.09.
kafli 2	3	27.09.
kafli 2	4	04.10.
kafli 3	5	11.10.
kafli 3	6	18.10.
Plattform 1	7	25.10.
kafli 4	8	01.11.
kafli 4	9	08.11.
kafli 5	10	15.11.
kafli 5	11	22.11.
kafli 5	12	29.12.
síðasti	skiladagur	06.12.

Námsleiðbeiningar verða aðgengilegar fram að prófdegi.

Réttur áskilinn til breytinga

Dagsetning: 03. september 2020

Wolfgang Frosti Sahr (sign.)

Undirritun kennara

Undirritun fagstjóra